

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Skarðshlíðar, 3. áfanga, vegna Völuskarðs 2.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn á fundi sínum 29. mars 2023 breyting á deiliskipulagi Skarðshlíðar, 3. áfanga, vegna Völuskarðs 2. Breytingin felst í fjölgun eigna, breytingu á byggingarreit og byggingarlínu, þaki breytt í einhalla og/eða flatt og hámarkshæð heimiluð 5,2 m.

Breyting á deiliskipulagi Skarðshlíðar, 2. áfanga, vegna Drangsskarðs 5.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa 19. júlí 2023 breyting á deiliskipulagi Skarðshlíðar, 2. áfanga, vegna Drangsskarðs 5. Breytingin felst í að grunnflötur byggingarreits stækkar. Svalir, skyggni og minniháttar útbyggingar mega ná 1,0 m út fyrir byggingarreit. Heimilt er að hafa þak flatt eða einhalla með hæsta punkti til suðurs. Bílastæði í götu hliðrast.

Breyting á deiliskipulagi Valla, 6. áfanga, vegna Hvannavalla 4-6.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn á fundi sínum 24. maí 2023 breytingu á deiliskipulagi Valla, 6. áfanga, vegna Hvannavalla 4-6. Breytingin felst í að svæði þar sem áður var endastöð strætó við Hvannavelli er breytt í parhúsalóð.

Uppdrættir ásamt greinargerðum og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagstillögurnar öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 20. júlí 2023.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Anna Margrét Tómasdóttir verkefnastjóri.